



Lyktareyðir

LM 4065

Klima Fresh



LÝSING

Á stuttum tíma (u.þ.b. 10 mínútum) eyðir Klima Fresh lykt af völdum baktería og myglu í miðstöðvarkerfum, leiðslum miðstöðvarkerfa og áklæðum bifreiða. Efnið er einfalt í notkun ef ekki þarf að fjarlægja síur. Það skilur eftir sig góða og ferska lykt og getur einnig komið í veg fyrir ofnæmisviðbrögð.

EIGINLEIKAR

- Fjarlægir myglulykt
- Eyðir myglu og bakteríum
- Gerir loft ferskt og hreint
- Eykur þægindi á ferðalögum

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnagrunnur : Alkóhóllausn með lyktarefnum
Litur : Litlaus
Þéttleiki við 20°C : 0,943 g/sm³ DIN 51757
Leysni í vatni : Leysanlegt

NOTAGILDI

Til hreinsunar og sótthreinsunar miðstöðvarkerfa og áklæða í bifreiðum.

NOTKUN

Áður en efnið er notað skal yfirborðið á uppgufunarplötunni vera þurr. Það má þurrka með því að nota hitakerfi bifreiðarinnar. Fyrst þarf að ræsa vélina og kveikja á miðstöðvarkerfinu. Hafið hitastigið stillt á hæsta hita og stillið blásara á blástur til fóta. Kerfið á að vera í gangi í u.þ.b. 10 mínútur á hámarks blástursstyrk með loftinntakið stillt á lokað loftflæði (recirculation). Hristið síðan úðabrusann vandlega, stillið blásara á mælaborðs- og framrúðuúttök og komið úðabrusanum fyrir við inntak miðstöðvarkerfisins, (yfirleitt til fóta í farþegasæti). Gætið þess að hann sitji vel og snúi að inntakinu og ýtið síðan stútnum á brúsanum niður svo hann festist og innihaldið sprautist inn í miðstöðvakerfið. Á meðan brúsinn er að tæmast og í a.m.k. 10 mínútur til viðbótar, skulu dyr og gluggar ökutækisins vera lokað. Eftir hreinsun verður að þurrka yfirborð uppgufunarplötunnar á ný í u.þ.b. 10 mínútur með sömu hita- og blástursstillingar og áður. Þegar ferlinu er lokið skal drepa á vélinni og lofta út með því að hafa hurðir bifreiðarinnar opnar í u.þ.b. 10 mínútur.

PI 02/04/10

Þessar upplýsingar eru byggðar á rannsóknum og eru taldar áreiðanlegar, en ekki lagalega bindandi.



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is